

Nd.

607. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn leigumála húsnæðis í Reykjavík.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson og Jörundnr Brynjólfsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara rannsókn leigumála alls húsnæðis, sem selt er á leigu í Reykjavík, og má verja til þess fje úr rikissjóði.

Rannsókn þessi skal falin nefnd þriggja manna. Bæjarstjórn Reykjavíkur skal boðið að velja tvo nefndarmanna, enda greiðist þá kostnaður við nefndarstörfin að hálfu úr bæjarsjóði, en atvinnumálaráðherra skipar formann nefndarinnar. Ef bæjarstjórnin notar ekki þennan kjörrjett, skipar ráðherra alla nefndarmennina.

Greint skal á milli leigu húsnæðis til verslunar, skrifstofuhalds, iðnaðar

og íbúðar. Skýrsla um leigu skal m. a. innihalda þetta: Hvenær hús var bygt, fasteignamat, brunabótavirðing og legn þess í bænum; stærð hins leigða, rúmmál og herbergjatölu, legu leiguhúsnaðis í húsinu, hver þægindi utan húss og innan sjeu fólgin í leigunni, sem í skýrslunni skal miðuð við mánnð. Framleigu skal getið sjerstakiega og leiguupphæð hennar í hlntfalli við aðalleiguuppbæð. Nefndin öll, eða a. m. k. 2 nefndarmanna skulu kynna sjer með eigin augum hið leigða. Úr skýrslunum skal unnið og þær dregnar saman og glögglega mörkuð þau niðurstöðuatríði, sem máli geta skift. — Starfi nefndarinnar skal lokið fyrir 1. jan. 1929.

Ríkisstjórnin setur nefndinni ítarlegri reglur um störf hennar og lætur gera eyðublöð nndir skýrslurnar.

Stjórnin notar síðan, ef henni þykir ástæða til, hinar fengnu niðurstöður sem grundvöll fyrir lagasetningu nm húsaleigu í Reykjavík, og leggur fyrir næsta Alþingi.